

S T A R F S S K Y R S L A

1 9 5 3

Frá ársbyrjun til aprilmánaðarloka og svo aftur tvo síðustu mánuði ársins, starfaði ég að staðaldri á skrifstofu skógræktarstjóra í Reykjavík. Meðal annara verkefna þar má nefna, að ég vann að sameiginlegum innkaupum á ýmsu efni fyrir græðireitina, svo sem vermireitagrindum, gleri, striga, varahlutum í vélar o. m. fl. Ennfremur hafði ég á hendi argreiðslu á trjáfremi og öllu girðingar-efni á vegum Skógræktar ríkisins. Fyrri hluta ársins kenndi ég í Skógræktarskólanum 4 tíma en í nóvember og desember 3 tíma á viku hverri. Í maí og júní sá ég um plöntusölu og dreifingu trjáplantna Skógræktar ríkisins frá Reykjavík.

GIRÐINGAR. Á árinu voru settar upp eftirtaldar girðingar:

1. Að Efri-Reykjum í Biskupstungum, gaddavír 7-bætt, tréstaumar, lengd 500 m.
2. Að Miðdal í Laugardal, gaddavír 7-bætt, tréstaumar, lengd 1200 m. Eigandi er Hið Íslenszka Prentarafélag.
3. Um Furulundinn á Þingvöllum, net og 3-bættir gaddavír, járnstálpar lengi 500 m.

Hið ísl. prentarafélag greiddi öll vinnulaum við Miðdalsgirðingu, en Skógræktin lagði til efni og umsjón við uppsetningu. Girðingunni um Furulundinn var ekki lokið að fullu.

1953 GRÓÐURSETNING og afhending trjáplantna sem styrkur:

Staður	Alaska ösp	Birki 3/0	Skógar- fura 3/0	Bitka- greni2/2	Rauð- greni2/2	Sib. lerki2/2	Hvit- greni2/2
Þingvellir:							
Furulundur				1000	1000	500	
Reitar V-Ísl	300		2000	1000	1000	500	
Vorsáttarhöll	50			100			50
Efri-Reykir	25		300	100	200		
Haukadalur		1000*					
Laugarvatn			1000		300		
Bessastaðir	100	200				200	
Vífilsstaðir	35	625		65			
Hagevík			18000	100	7000		100

Plönturnar til tveggja síðasttöldu staðanna eru afhentar sem styrkur. Á Bessastöðum voru plönturnar gróðursettar í skjálbelti, sem byrjað var á árið 1952.

FERÐALOG. Um miðjan maí fór ég eftirlitsferð með skógræktarstjóra um Laugardal og að Efri-Reykjum í Biskupstungum. Í júlíbyrjun fór ég að Laugarvatni og í Haukadál. Í júlí og agúst fór ég nokkurar ferðir að Miðdal í Laugardal og á Þingvelli vegna girðingavinnu þar. Hinn 25. september fór ég með skógræktarstjóra um Þingvelli og Laugardal til eftirlits, en þá var í Haukadál og sjáan að Tumastöðum og Múla-koti. Auk þessa fór ég margar ferðir um nágrenni Reykjavíkur til leiðbeininga við gróðursetningu og uppsetningu girðinga á vegum einstaklinga og félaga.

\*/Góli veit Kamarríðin *Einar E. Sæmundsen*